

PRIMER G

Vatnsleysanlegur grunnur á gerviefnakvoðugrunni með mjög lágt lífrænt uppgufunargildi (VOC)



NOTKUNARSVIÐ

- Til meðhöndlunar á gipsyfirborði áður en keramikflísar eru límðar á.
- Sem grunnhúð fyrir sprautanalegan gipsmúr.
- Til að bæta festu á flotmúr á yfirborð úr sementi, gipsi, malbiki, keramik og marmara.
- Til að gefa einsleitt ísog á sements- eða gipsyfirborði.

Nokkur dæmi um notkun

- Undirbúa yfirborð á sementsgrunni fyrir flotun með sjálfútleggjandi eða fljótandi flotefnum.
- Á milli flotlaga þegar fyrsta umferð er fullþurr.
- Á gipsmúr áður en flotað er með efnum á sementsgrunni.
- Á yfirborð úr anhydrit áður en efni á sementsgrunni er lagt yfir.
- Á sementspússningu áður en flotað er með gipsefnum.
- Á gipsveggi sem festiefni fyrir veggfóðurslím.
- Áður en keramikflísar eru límðar á með sementslími á:
 - gipspússningu og sprautað gips;
 - forsteyptar gipseiningar;
 - trefja-gipseiningar;
 - anýdrit múr.
- Meðhöndla gipsveggi, spónaplötur, plötur úr trefjasteypu, frauðsteypu, pússningu ofl, fyrir veggfóður eða málningu.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Primer G er vatnsleysanlegur grunnur í gerviefnakvoðu sem við þornun myndar sveigjanlega, þétta og glansandi húð sem verndar yfirborðið, þar sem þess er þörf, og bætir viðloðun flotefna, málningar, veggfóðurslíms, flísalíms og pússningar.

Filma af **Primer G** á yfirborði gips eða sements hindrar kemísk efnahvörf á milli súlfata og sementsinnihalds flísalíms, sem við raka myndar útfellingar, sem valda því að flísar losna af gipsundirlaginu.

Primer G gerir veggfóðrun mun auðvalderi og dregur úr notkun og þörf á veggfóðurslími. Þegar **Primer G** er notaður undir sprautanleg gipsefni hindrar hann að gipsið dragi til sín of mikinn raka, lengir tíma við pússningu og kemur í veg fyrir sprungumyndun vegna rýrnunar.

Þegar **Primer G** er notaður sem grunnur fyrir flotsteypu þá dregur hann úr loftbólumyndun, hindrar of hraða þornun og gerir flotunina auðveldari.

Primer G er ekki eldfimur og því má nota hann í lokuðu, ólofttræstu rými án sérstakra varúðarráðstafana.

RÁÐLEGGINGAR

- **Primer G** vatnsver ekki gipsyfirborð þótt hann minni verulega gljúpleika og vatnsdrægni þess.
- Notið ekki á yfirmorð úr magnesíum.
- Ekki er mælt með **Primer G** við utanhúslagnir þar sem stöðugur raki er til staðar.
- Ekki bera **Primer G** á í slíku magni að hann myndi þykka húð; Þynnið með vatni í réttu hlutfalli við drægi þess flatar sem grunna á.

NOTKUNARREGLUR

Undirbúningur yfirborðs

Yfirborðið verður að vera hreint, þurr og laust við olfu, málningarleifar og annað laust efni.

Í hverju tilfelli verður að fylgja notkunarleiðbeiningum framleiðanda á gipsplötum, sérstaklega hvað varðar rakainnihald og stig yfirborðsmeðferðar. Gera verður við sprungur í steinsteypu með **Maapeoxy BI-IMP**, **Eporip** eða **Epojet**. Yfirborð úr anhydrit verður rífa upp fyrirfram.

Sett á

a) **Sem meðhöndlun fyrir keramikflísar sem settar eru á gips.** Hrærið í **Primer G** rétt fyrir notkun, berið grunninn jafnt á yfirborðið með flötum pensli án þess að þynna efnið. Ef gipsþússningin er sérstaklega flöt eða gljáandi, er mælt með að rífa hana upp áður. Leggið flísarnar um leið og hann hefur þornað.

b) **Sem bindigrunnur fyrir gipsmúr.** Þynnið **Primer G** 1:2 með vatni og hrærið vel. Dreifið úr blöndunni með flötum pensli eða úðadælu. Setjið sprautanlega gipsið á um leið og **Primer G** er þurr.

c) **Sem bindigrunnur áður en sjálfútleggjandi flotefni og fljótandi sléttunarefni frá MAPEI eru lögð á:**

- yfirborð úr sementsefnum: þynnið **Primer G** 1:1 með vatni;
- yfirborð úr gipsefnum: notið **Primer G** óblandaðan.

d) **Sem grunnur fyrir veggfóðurslím:** þynnið **Primer G** 1:3 með vatni.

e) **Sem grunnur á milli flotlaga:** þynnið **Primer G** 1:1 með vatni.

HREINSUN

Tól og ílát ætti að þvo samstundis með hreinu vatni. Allan afgang sem hefur þornað verður að hreinsa með tækju.

ÞEKJA / NÝTING

Notkun á **Primer G** fer eftir drægi og gljúpleika yfirborðsins. Venjuleg nýting er á milli 0,08 og 0,15 kg/m².

PAKKNING

Primer G er fáanlegur í 25, 10 og 5 kg plasttunnum og í 1 kg flöskum.

GEYMSLA

Hægt er að geyma **Primer G** í óopnuðum pakkningum í 12 mánuði. Verndið fyrir frosti.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar **www.mapei.no** okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

EINKENNI VÖRUNNAR

Þéttleiki:	seigflótandi vökvi
Litur:	ljósblár
Þéttleiki:	1,01 g/cm ³
pH:	8
Purrefnisinnihald:	18 %
GEV EMICODE (samræmi við EN ISO 16000 - 3, 6, 9, 11 og CEN/TS 16516):	EC1 Plus - mjög lítil útgeislun
Hámarks VOC (losun efna) í samræmi við 2004/42/EC:	0 g/l

UPPLÝSINGAR VARÐANDI NOTKUN (við +23°C - 50 % hlutf. raka)

Hitasvið við notkun:	frá +5°C til +35°C
Purrkunartími áður en efnistöku efnasambanda eða líms er borið á:	30 mínútur
- steypa:	30 - 60 mínútur
- gífs:	



Notið sem grunn fyrir gipsmúr





Athugun á rakastigi þússningar



Primer G settur á með rúllu



Dæmi um notkun á Primer G fyrir lögn á PCV og línóleumdúk á opinbert leikfímishús - leikfímishús í Gdansk Orunia - Pólandi



Dæmi um lögn á Primer G áður en dreift er úr Ultraplan Eco og Rollcoll lími, notað til að líma teppi í hótélherbergi - Villa Hotel Castellani - Austurríki

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge



+47 62 97 20 00



www.mapei.no



post@mapei.no

532-1-2021-is

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málssóknar.

